

að kaup geti farið fram skal liggja fyrir gilt leyfisskírteini frá hlutaðeigandi lögreglustjóra til heimildar notkunar lyfjanna.

8. gr.

Leyfi til að kaupa lyf í heilðsölu.

Aðilar þeir, sem taldir eru upp í 2. gr. staflidum b)-g), og vilja fá leyfi til að kaupa lyf í heilðsölu, önnur en þau sem 1. gr. nefnir, skulu sækja um slíkt leyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Í umsókninni skal koma fram með hvaða hætti umsækjandi telur sig fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar fyrir umræddu leyfi.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal árlega gefa út skrá þar sem upp eru taldir þeir aðilar sem heimild hafa til að kaupa lyf í heilðsölu, önnur en þau sem um getur í 1. gr. reglugerðarinnar.

9. gr.

Eftirlit.

Allir sem kaupa lyf í heilðsölu og hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni falla undir eftirlit lyfjaeftirlits ríkisins og er þar með skylt að greiða árlegt lyfjaeftirlitsgjald skv. gildandi reglugerð hverju sinni. Þetta gildir þó ekki ef stofnun hefur gert þjónustusamning við lyfjabúð umdæmisins. Í þeim tilvikum verður eftirlit með lyfjabirgðum stofnunarinnar hluti af hefðbundnu eftirliti með viðkomandi lyfjabúð.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 61. gr. laga nr. 76/1982 um lyfjadreifingu, tekur gildi frá og með 1. janúar 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnanir, sem fengið hafa bráðabirgðaleyfi til að kaupa lyf í heilðsölu skulu tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 1. desember 1990 hver sé starfandi lyfjafræðingur við stofnunina eða við hvern hafi verið gerður þjónustusamningur, sbr. 3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. október 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr.
laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 515 884.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 37 130.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1990 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.